

HELGI GUÐMUNDSSON

PORLÁKS SAGA BISKUPS OG ISIDOR

Í PORLÁKS SÖGU biskups segir (*ÍF XVI* 2002:50, sbr. *Biskupa sögur* 2 1978: 180–181):

Þorlák tók vígslur þegar á unga aldri allar unz hann var djákn af Magnúsi byskupi, en hann var þá fimmán vetrar gamall er byskup and aðisk. En því fóru vígslur hans skjótt fram at þat fundu yfirboðarnir at hann hugleiddi sjálfr ok gætti í úthorn þess vanda er fylgði hverri vígslu, þeiri er hann tók. Ok svá skjótt sem fram fór nám hans ok vígslur þá létt hann til sín at fyrirboði koma með ráðinni staðfestu alla mannkosti þá er vígslunum áttu til at heyra. Lét hann sér þat í hug koma, meðan nám var minna ok vígslur smæri, er Isidorus byskup mælir, spakr ok heilagr, at bæði er nytSAMligt at nema mart ok lifa réttliga, en ef eigi má bæði senn verða þá er enn dýrligra at lifa vel.

Parna er vitnað í Isidor biskup í Sevilla á Spáni (um 560–636). Á miðöldum voru verk hans í hávegum höfð. Porláks saga biskups var að öllum líkendum rituð í Skálholti, þegar Páll Jónsson var þar biskup, 1195–1211. Þar hafa menn lesið Isidor. En þau orð Isidors, sem vitnað er til í sögunni, virðast ekki hafa fundizt (Gjerløw 1962:479, *ÍF XVI* 2002:50). Helzt er þeirra að leita þar sem fjallað er um siðfræði og guðfræði.

Petta er Isidori Hispalensis Sententiae II.1.11 (*Patrologia latina* 83 1862: 601):

Utile est multa scire et recte vivere. Quod si utrumque non valemus, melius est ut bene vivendi studium quam multa sciendi sequamur.¹

Sententiae var mikilsmetið rit. Efnið er siðfræði og guðfræði, en einnig staða

¹ ‘NytSAMlegt er að vita margt og lifa réttlaga. En getum vér eigi gert hvort tveggja, er betra að ástunda að lifa vel en að vita margt.’

kirkjunnar.² Það var deiluefni á Íslandi, þegar Þorlákur Þórhallsson var biskup, 1178–1195. Verið getur, að ritið hafi verið notað við kennslu í Skálholtsskóla á 12. og 13. öld.

HEIMILDIR

- Byskupa sögur* 2. Udgivet af Jón Helgason. København, 1978.
- Gjerløw, Lilli. 1962. Isidor av Sevilla. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* 7:479. Reykjavík.
- Hillgarth, J.N. 1985. Isidore of Seville, St. *Dictionary of the Middle Ages* 6:563–566. New York.
- ÍF XVI = Biskupa sögur II. Ásdís Egilsdóttir gaf út. *Íslenzk fornrit* XVI. Ritstjóri Jónas Kristjánsson. Reykjavík, 2002.
- Patrologia latina* 83. Paris, 1862.

*Helgi Guðmundsson
Íslenskuskor
Heimspekkideild Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík*

² „The most important of Isidore’s dogmatic works, the *Sententiae*, a manual intended for the formation of the clergy in moral and pastoral as well as dogmatic theology, represents a great advance in systematization on Prosper of Aquitaine’s earlier work. That the work was indeed used is demonstrated by a preliminary listing that enumerates more than 440 manuscripts. *Sententiae* 3.51 was often cited during the investiture conflict; its use in subsequent canonical collections also attests to the influence of Isidore’s view that the function of the secular power as servant of the church was its principal *raison d’être*.“ Hillgarth 1985:565.